



Langbrækur, telpa í pilsí og Steinvör Sigurðsson á Kjarvalsstöðum. Klambratún blasir við út um gluggann. Tímamyndir Tryggvi.

SUMAR á Kjarvalsstöðum júlí og ágúst 1979



„Sumar á Kjarvalsstöðum“ kynnt. Lengst til vinstri er Guðrún Helgadóttir, varaformaður stjórnar Kjarvalsstaða þá Alfred Guðmundsson forstöðumaður, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir formaður stjórnar Kjarvalsstaða og Þóra Kristjánsdóttir, listráðunatur.


Sumarkoma á Kjarvalsstöðum

Í sumar verður fitjað upp á þeirri nýbreytni að bjóða valinkunnum listamönnum að sýna verk sín undir nafninu „Sumar á Kjarvalsstöðum“, með það fyrir augum að kynna íslenska listferðamönnum í borginni og samtímis að vera borgarþúum til ánægju og fróðleiks. Þeir hópar listamanna fylla Kjarvalsstaði með listaverkum í sumar: í vestursal sýnir SEPTEM-hópurinn, GALLERÍ LANGBRÓK sýnir í kaffistofu og á göngum og MYNDHÖGGVARAFÉLAGIÐ setur upp sýningu umhverfis húsið og í a ddyri. Í austursal, Kjarvalssal, verða sýnd málverk eftir Jóhannes S. Kjarval í eigu Reykjavíkurborgar. Enginn þessara hópa hefur sem hópur áður sýnt á Kjarvalsstöðum. Samtals verða þarna verk eftir 35 listamenn, — það er að segja 7 málara og einn myndhöggvara Septem-hópsins, 11 textil- og grafíklistamenn úr Gallerí Langbrók, 15 félagar úr Myndhöggvarafélaginu — og svo verk eftir Kjarval. Þessi sýning verður opnuð í tvennu lagi: Septem '79 og Gallerí Langbrók laugard. 7. júlí kl. 14:00 Myndhöggvarafélagið, gjörningur laugard. 21. júlí kl. 14:00

við rekstri veitingastofunnar á Kjarvalsstöðum, Huld H. Goethe sem rekur staðinn í samvinnu við Eib Valgarðsson. Um leið hafa verið gerðar þar nokkrar breytingar og tekin upp sjálfsgreiðsla. Þegar vel vibrar eru borð sett út á stéttina og geta menn borið út með sér veitingarnar. Stefnt er að því að opna veitingastofuna á hádegi og hafa þar á boðstólum létta smarétti en ekki er tímabært að segja ákveðið til um hvenær byrjað verður á því.



HVELLGEIRI




DREKI



SVALUR



KUBBUR



Sýningin verður opin daglega kl. 14-22 fram yfir miðjan ágúst. Í undirbúningi er Reykjavíkurvika dagana 13.-19. ágúst, þar sem kynntar verða ýmsar stofnanir Reykjavíkurborgar. Í tengslum við þá kynningu verður m.a. sett upp sýning frá Þróunarstofnun á skipulagi þriggja hverfa í Reykjavík. Fyrirlestrar og umræðufundir eru ráðgerðir í tengslum við skipulagssýninguna og kynnisferðir í þessi tilteknu hverfi. Sýningin verður sett upp í fundarsal Kjarvalsstaða og fellur þannig inn í ramma sumar-sýningarinnar.

Margar sýningar eru ráðgerðar á Kjarvalsstöðum í haust. Um mánaðamót ágúst-september verða tvær bandarískar sýningar í vestursal: sýning á grafík eftir Robert Rauschenberg og New York avant garde of the 70 MFR gengst fyrir tónleikum og listmunasýningu frá sovéska ríkinu Kazakstan um miðjan september og um svipað leyti verður Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna. Í byrjun október verður alþjóðleg barnabókasýning á vegum Bókavafélags Íslands, Rithöfundasambandsins og fleiri aðila og eru ýmis dagskráratíði ráðgerð í tengslum við þá sýningu. Í október setur einnig Rafn Hafnfjörð upp ljósmyndasýningu, og að henni lokinni heldur Einar Hákonarson einkasýningu. Í nóvember verða nýlistamennirnir Ólafur Lárusson, Þór Vigfússon, Kristinn Harðar og fl. með sýningu.

Fleiri sýningar eru fyrirhugaðar á göngum hússins í haust. Þá hafa forráðamenn Kjarvalsstaða mikinn áhuga á því að auka þátt túlkandi lista í húsinu og hefur verið rætt við tónlistarmenn, leiklistarfólk og fleiri um þau mál. Er þess að vænta að þær viðræður beri ávöxt í haust. Nýr veitingamaður hefur tekið